

Aðalfundur Foreldrafélags Glerárskóla

27. september 2022 klukkan 20:00

Mættir: Ása, Anna Karen, Sveinbjörg, Daníel og Brynja

Ekki voru taldir fundarmenn að þessu sinni.

Fundarefni:

Nanna Ýr Arnardóttir hjá HA með fyrirlestur um svefn grunnskólabarna

Venjuleg aðalfundarstörf

Brynja ræðir um foreldraráðið

Önnur mál.

Erindi Nönnu-

Beðið um aðgang að glærum – þær fara á heimasíðu Glerárskóla

Daníel fer yfir ársreikninginn. Minnt er á að ef bekkjarráð nýtir ekki peninginn rennur hann aftur til Foreldrafélagsins. Stjórn lofar að vera dugleg við að finna peningunum farveg þar sem ágætis upphæð er til núna. Ársreikningur samþykktur án athugasemdar.

Anna Karen fer yfir breytingar á starfsreglum bekkjarráða. Engar athugasemdir

Brynja fer yfir hver tilgangurinn er með bekkjaráðum. Hrósar foreldrum fyrir góða frammistöðu í að manna bekkjaráðin.

- Ítrekar að bekkjahittingar eru fyrir bæði börn og foreldra. Ekki í boði að koma með börnin og skilja þau eftir, minnt á mikilvægi þess að foreldrar kynnist og þekkist frá upphafi til enda skólagöngu barnanna.

Ása fer yfir foreldraröltið að það eigi að fara aftur af stað.

- Umræður um hvaða leiðir á að fara, hvaða staði eigi að fara á. Ákveðið að stjórnin muni fara yfir leiðina og helstu staðina og útbúa leiðbeiningar.
- Vangaveltur um hvort ekki sé gott að skólarnir t.d. í þorpinu tali sig saman um hvaða svæði eigi að taka fyrir.
- Vel tekið í að setja af stað foreldraröltið því það er ekki vanþörf á.
- Daníel ætlar að útbúa plan fyrir foreldraráðin til að deila meðal foreldranna.
- Mælt með að það séu útbúin fundarboð fyrir foreldra að setja inn í dagatölin sín svo röltið gleymist síður.

Auglýst eftir nýjum stjórnarmeðlimi.

- Eitt framboð -Kristín

Spurt um hvort ástæða sé til að vera með einhverja sérstaka fræðslu v/fordóma ?

Ekki fleira rætt.